



## Áfallateymi í Ártúnsskóla

Innan Ártúnsskóla mynda eftirtaldir fagaðilar áfallateymi:

- skólastjóri,
- aðstoðarskólastjóri,
- skólasálfræðingur,
- skólahjúkrunarfræðingur
- skrifstofustjóri skólans og
- fulltrúi viðkomandi lífsskoðunarfélags.

Skólastjóri kallar teymið saman ef þörf gerist.

Hlutverk áfallateymis er að undirbúa og hafa yfirumsjón með ferli sem fer af stað þegar mæta þarf ýmis konar áföllum sem starfsfólk eða nemendur og aðstandendur þeirra kunna að verða fyrir .

Með áfalli er átt við:

- alvarlegur sjúkdómur gerir vart við sig,
- alvarlegt slys hefur átt sér stað,
- missir/andlát einhvers nákomins,
- kynferðisleg árás,
- skyndileg örorka eða missir fyrri hæfileika og getu,
- að verða vitni að ógnvekjandi atburði,
- að vera valdur að alvarlegu slysi eða tjóni,
- skilnað foreldra
- náttúruhamfarir

Mikilvægt er að skólinn fái upplýsingar um áföll sem starfsmenn og nemendur verða fyrir eða gerast innan fjölskyldna þeirra. Með því getur skólinn brugðist við og veitt þeim sem í hlut eiga

sem bestan stuðning.

Skólinn kappkostar að hafa skráðar réttar upplýsingar um símanúmer, netföng og heimilisföng starfsmanna, nemenda og aðstandenda.

Áfallateymi skólans starfar að fyllsta trúnaði og gætir sérstaklega allra persónulegra upplýsinga.